

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 22. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-69/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 3. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á ferðakælikáp, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 5. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 15. september. Með bréfi, dags. 18. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 23. september. Með bréfi, dags. 30. september var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bærust þau hinn 7. október. Með bréfi, dags. 13. október var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og frestur til þess til 27. október. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 16. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 4. mars 2014 keypti álitsbeiðandi ferðakælikáp af seljanda fyrir kr. 102.130. Hafði kælikápurinn verið verðlagður á kr. 145.900 en álitsbeiðandi fékk 30% afslátt af kaupverði skápsins þar sem hann var ekki í umbúðum. Umræddur skápur er m.a. ætlaður til notkunar í húsbifreiðum og átti því bæði að geta gengið fyrir gasi og rafmagni. Segir álitsbeiðandi að þegar hann reyndi að tengja skápinn í húsbifreið sinni í byrjun júní sl. hafi honum ekki tekist að láta skápinn ganga fyrir gasi. Hafi hann þá farið með skápinn til seljanda, en þar hafi komið í ljós að gasleiðsla var beygluð. Taldi starfsmaður seljanda að álitsbeiðanda væri sjálfum um að kenna að leiðslan var beygluð, en því segist álitsbeiðandi hafa mótmælt enda skápurinn ekki orðið fyrir hnjaski eftir að hann tók við honum. Var álitsbeiðanda bent á að fara með skápinn á verkstæði, en álitsbeiðandi hafnaði því, taldi skápinn í ábyrgð og skildi hann því eftir í verslun seljanda. Í lok júlí fór álitsbeiðandi í verslun seljanda að forvitnast um skápinn en var þá sagt að varahlutur í skápinn væri ekki kominn til landsins. Var álitsbeiðandi ósáttur við þennan seinagang. Í byrjun ágúst segist álitsbeiðandi hafa farið í þriðja sinn í verslun seljanda að spyrja um skápinn og var honum þá tjáð að varahlutur væri enn ekki kominn til landsins. Óskaði álitsbeiðandi þá eftir því að tala við verslunarstjóra sem hann og gerði. Tjáði hann verslunarstjóranum að hann vildi rifta kaupunum eða fá nýjan kælikáp í stað þess bilaða. Þessari kröfu hafi verið hafnað. Degi síðar var álitsbeiðanda tilkynnt að búið væri að gera við kælikápin. Sótti álitsbeiðandi skápinn og fékk aðstoð seljanda við að koma honum fyrir í húsbifreið sinni. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir tókst ekki að kveikja á skápnum. Fór álitsbeiðandi aftur með skápinn til seljanda og tók seljandi við honum. Tókst starfsmönnum verkstæðis seljanda að kveikja á skápnum og fékk álitsbeiðandi þær upplýsingar að ekkert væri að skápnum. Tók álitsbeiðandi þá aftur við skápnum en gat, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, ekki fengið hann til að virka, en skápurinn neistaði ekki og gat því ekki gengið fyrir gasi. Fór

álitsbeiðandi þá enn á ný með skápinn til seljanda og krafðist þess að fá kaupverð hans endurgreitt. Því var hafnað og skildi álitsbeiðandi skápinn eftir á verkstæði seljanda. Degi síðar fékk álitsbeiðandi símtal frá seljanda þar sem honum var tjáð að búið væri að gera við skápinn. Segist álitsbeiðandi þá hafa hringt í verslunarstjóra seljanda og krafist endurgreiðslu þar sem skápurinn hefði ekki komið honum að notum allt sumarið. Þeirri kröfu hafi einnig verið hafnað.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kvittun fyrir kaupum á kæliskápnunum.

#### IV

##### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er rakið að hinn 4. mars 2014 hafi álitsbeiðandi keypt kæliskáp af gerðinni SIBIR af seljanda. Skápurinn hafi verið seldur með 30% afslætti. Hinn 10. júní sl. hafi álitsbeiðandi komið með skápinn til viðgerðar hjá seljanda. Hafi álitsbeiðandi tjáð starfsmönnum seljanda að skápurinn virkaði ekki. Skápurinn hafi verið bilanagreindur og í ljós komið að hitaöryggi við svokallaðan „pilot loga“ var brotið. Var það mat þjónustuverkstæðis seljanda að hitaöryggið hafi aðeins getað brotnað vegna hnjaskis við ísetningu skápsins, þ.e. þegar reynt sé að tengja gaslögn að skápnunum af óreyndum aðila. Varahlutir hafi ekki verið til á lager hjá umboðsaðilar SIBIR og því hafi verið lögð inn pöntun fyrir varahlutnum. Í lok júlí hafi álitsbeiðandi haft samband og þá verið orðinn ósáttur við að ekki hefði borist varahlutur frá umboðsaðila. Hafi því verið tekinn varahlutur úr nýjum skáp og hann notaður til viðgerðarinnar. Telur seljandi rétt að benda á að álitsbeiðandi hafi ekki verið krafinn um greiðslu vegna viðgerðarinnar, þrátt fyrir að seljandi hefði metið að bilunina mætti rekja til meðferðar á skápnunum við ísetningu. Í byrjun ágúst sl. hafi álitsbeiðandi síðan komið aftur með kæliskápinn og kvartað undan því að hann virkaði enn ekki. Var skápurinn tekinn í skoðun en engin bilun fannst. Í kjölfarið sættust aðilar á að álitsbeiðandi tæki við skápnunum aftur og hefði samband ef bilunin kæmi fram á nýjan leik. Í lok ágúst hafi álitsbeiðandi haft samband aftur en þá hafi skápurinn ekki virkað. Krafðist álitsbeiðandi af þessu tilefni endurgreiðslu. Mun starfsmaður seljanda hafa tjáð álitsbeiðanda að seljandi þyrfti að sjálfsögðu að staðfesta að skápurinn væri óvirkur áður en fallist yrði á slíkt. Kom álitsbeiðandi með skápinn og við skoðun kom í ljós að við fyrri viðgerð hafði hitaöryggi verið fest en splitti sem átti að halda örygginu hafði losnað. Var bætt úr þessu og haft samband við álitsbeiðanda og honum boðið að sækja skápinn sem hann og gerði. Segir seljandi jafnframt rétt að halda því til haga að hann telji umræddar viðgerðir án kostnaðar fyrir álitsbeiðanda vera umfram skyldu sína og að álitsbeiðandi hafi viðurkennt í samtali við starfsmann seljanda að skápurinn hafi verið í lagi þegar hann fékk hann upphaflega afhentan.

#### V

##### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi er ósammála því að kæliskápurinn hafi orðið fyrir hnjaski í meðförum hans. Segist álitsbeiðandi vera vanur að tengja gaskæliskápa, gasmiðstöðvar og gaseldavélar. Skápurinn hafi verið geymdur á öruggum stað þar til álitsbeiðandi setti hann í húsbifreið sína í byrjun júní. Ítrekar álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi endurgreiði sér kaupverð skápsins.

#### VI

##### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að engin gögn hafi komið fram sem breyti niðurstöðu fyrri bilanagreininga. Skápurinn hafi líklegast skemmst við ísetningu sem framkvæmd var af óreyndum aðila og við það hafi hitaöryggi skápsins brotnað.

Við ísetningu á tækjum sem brenni gasi sé ýmislegt sem beri að varast og ætti sú vinna ætíð að vera í höndum sérfræðinga.

## VII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi ferðakælskáp af gerðinni SIBIR af seljanda hinn 4. mars. 2014 fyrir kr. 103.130. Var um að ræða kælskáp sem bæði var hægt að tengja við gas og rafmagn.

Álitsbeiðandi telur kælskápinn haldinn galla og að sá galli hafi verið til staðar við afhendingu skápsins. Hafði umræddur galli þær afleiðingar að skápurinn gat ekki gengið fyrir gasi. Við viðgerðir seljanda á skápnunum kom í ljós að hitaöryggi í skápnunum var brotið. Telur seljandi að hitaöryggið hafi brotnað þegar álitsbeiðandi reyndi að koma skápnunum fyrir í húsbifreið sinni í byrjun júní sl., en seljandi telur að sérfræðingur hefði átt að sjá um ísetninguna. Þessu hefur álitsbeiðandi mótmælt, skápurinn hafi hljóti að hafa verið haldinn framangreindri bilun við afhendingu. Þá segist álitsbeiðandi vanur ísetningu á viðlíka hlutum.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er deilt um að kælskápurinn hafi verið bilaður. Hlutlægt séð má því fallast á að skápurinn sé haldinn galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Snýr ágreiningur aðila í raun að því hvort að gallinn á söluhlutnum sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hann varða sbr. áðurnefnd 1. mgr. 26. gr. laganna, þ.e. hvort álitsbeiðandi hafi skemmt kælskápinn eftir að hann fékk hann afhentan, eða hvort að skápurinn hafi verið skemmdur, þ.e. gallaður, þegar við afhendingu. Þrátt fyrir þennan ágreining telur kærunefndin ljóst að seljandi hafi þegar framkvæmd úrbætur á umræddum ísskáp til samræmis við 30. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessu leiðir tvennt. Í fyrsta lagi er ekki tilefni til að leysa úr því hvort kælskápurinn var í raun haldinn galla í skilningi laganna, þar sem seljandi hefur í öllu uppfyllt skyldur sínar skv. lögum líkt og ef kælskápurinn hefði verið haldinn galla og sá galli ekki sök seljanda. Í öðru lagi, þar sem seljandi uppfyllti framangreindar skyldur sínar, verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**VIII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir